

Alþingi
Erindi nr. P 121/1382
komudagur 19./12005



Nefndasvið Alþingis
b.t. Allsherjarhefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2005

Efni: Umsögn SVP um frumvarp til áfengislaga, 74.mál, auglýsingar

SVP-Samtök verslunar og þjónustu (SVP) hafa yfirfarið umrætt frumvarp sem snýr að því að banna auglýsingar drykkjarvöru sem líkist áfengum drykkjum.


Reifun máls

SVP telja fráleitt að banna auglýsingar á löglegum söluvörningi almennra verslana, en telja jafnframt að neytendur eigi rétt á skýrum og sem einföldustum upplýsingum um þá vöru sem þeim stendur til boða hverju sinni. Samtökin styðja því ekki óskýrar merkingar umbúða enda telja þau að hver vara eigi að seljast á eigin verðleikum. Kunn er afstaða SVP varðandi smásölu léttvins og bjórs en ofanritað á við um þær vörur ekki síður en hinar óáfengu. Þrátt fyrir það sem áður segir um skýrar merkingar telja samtökin bann við auglýsingu óáfengra drykkja eða vörumerkja sem bera sama heiti eða vörumerki og áfengar vörur hæpið á sama tíma og inn í landið streyma tímarit og prentefni, auk myndefnis og tónlistar þar sem umræddar vörur eru auglýstar án nokkurra hindrana.

Lokaorð

SVP- Samtök verslunar og þjónustu telja þetta frumvarp ekki skila tilætluðum áhrifum vegna þess ójafnræðis sem það skapar rekstraraðilum t.d. innlendri framleiðslu og útlendri sem er auglýst án hindrana. Því sé eðlilegt að endurskoða málið.

Virðingarfyllst,


Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri